

21. fundur Svæðisskipulagsnefndar Vestfjarða haldinn í fundaraðstöðu Vestfjarðastofu, Suðurgötu 12, Ísafirði, mánudaginn 20. október 2025 kl 11.00. Fundinum var einnig streymt.

Mætt voru Lilja Magnúsdóttir, formaður, Arnlín Óladóttir, Ástrós Þóra Valsdóttir, Finnur Ólafsson, Jenný Lára Magnadóttir, Margrét Dögg Sigurbjörnsdóttir (kom síðar á fundinn í streymi) Matthías Lýðsson, og Sigríður Júlía Brynleifsdóttir.

Forföll boðuðu Aníta Björk Pálínudóttir, Arinbjörn Bernharðsson, Bragi Þór Thoroddsen, Eva Sigurbjörnsdóttir, Hulda Birna Albertsdóttir, Jóhanna Ösp Einarsdóttir, Kristján Þór Kristjánsson og Þorgeir Pálsson.

Auk þeirra sátu starfsmenn fundinn frá Vestfjarðastofu Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri byggðapróunar sem ritaði einnig fundargerð, Hjörleifur Finnsson, verkefnastjóri (í fjarfundi) og Sigríður Kristjánsdóttir, framkvæmdastjóri. Hinsvegar Hrafnkell Proppé, skipulagsráðgjafi frá Urbana ehf og Herdís Sigurgrímsdóttir, sérfræðingur frá VSÓ ráðgjöf.

Formaður kynnti að bæjarstjórn Vesturbyggðar hefði á 17. fundi sínum þann 15. október s.l. samþykkt tillögu bæjarráðs Vesturbyggðar, að Jenný Lára Magnadóttir, bæjarfulltrúi, tæki sæti Páls Vilhjálmssonar í svæðisskipulagsnefnd en hann hefur óskað lausnar frá störfum bæjarfulltrúa.

Formaður kannaði hvort athugasemdir væru við boðun fundarins og dagskrá hans. Engar athugasemdir komu fram og gengið til dagskrár.

Dagskrá

1. Kynning umsagnar Sóknarhóps Vestfjarðastofu
2. Kynning ályktunar í fundargerð innviðanefndar Fjórðungssambands Vestfirðinga frá 2. október 2025
3. Drög tillögu að Svæðisskipulagi Vestfjarða
 - a. Breytingartillögur, efniskafla og markmiðssetningu
 - i. Samgöngur
 - ii. Víðerni, mannvirkjabelti
 - iii. Náttúruvernd
 - iv. Framfylgd
 - v. Skemmtiferðaskip
 - vi. Tengsl aðalskipulags og svæðisskipulags
 - b. Opin umræða um tillögur að breytingum innan efniskafla
 - i. Ferðaþjónusta
 - ii. Fjölmennning
 - iii. Menningarminjar
 - iv. Þéttbýliskjarnar
4. Dagskrá vinnu að auglýsingartillögu

1. Kynning umsagnar Sóknarhóps Vestfjarðastofu

Formaður kynnti að Sóknarhópur Vestfjarðastofu hefði óskað eftir að kynna efni umsagnar og viðbragða hópsins við vinnslutillögu Svæðisskipulagsins. Til fundarins væri mættur Gauti Geirsson, formaður hópsins til að fylgja því úr hlaði og gaf honum orðið.

Gauti þakkaði tækifærið að koma á fund nefndarinnar. Hann upplýsti að hann hefði fengið tækifæri að kynna sér tillögur að viðbrögðum við innsendum umsögnum við vinnslutillögu, sem kynntar yrðu á fundinum í dag. Með þau viðbrögð í huga og efni umsagnar þá lýsti hann ánægju með hvernig um margt hefði verið komið til móts við sjónarmið Sóknarhóps.

Heilt yfir væri Sóknarhópur ekki ósammála uppleggi svæðisskipulagsins en legðu áherslu á að fá umfjöllun um atvinnulíf með meiri áberandi hætti eða sterkari yfirbragði. Taka mætti til skoðunar að hafa kafla atvinnulífs frammar í uppröðun efniskafla og skoða hvort umfjöllun væri sameiginleg fyrir allt atvinnulíf en ekki brotin upp á einstaka atvinnugreinar.

Önnur atriði sem Gauti tilgreindi eru, að nauðsyn sé á öflugu atvinnulífi til að landshlutinn geti tekist á við áskoranir í loftlagsmálum. Eins að jafnvægi milli nýtingar og verndunar yrði að tryggja svigrúm atvinnulífs til vaxtar en ekki festa til langrar framtíðar.

Hann kallaði síðan eftir góðu samtali á þessum lokaspretti, en lagði áherslu á að mikil og góð vinna hafi þegar verið unnin og það ætti að tryggja að náð verði góðri niðurstöðu.

Gauti vék af fundi.

2. Kynning ályktunar í fundargerð innviðanefndar Fjórðungssambands Vestfirðinga frá 2. október 2025

Lögd fram ályktun og minnispunktar frá fundi innviðanefndar Fjórðungssambandsins þann 2. október s.l.. Nefndin tók þá að nýju til umfjöllunar minnisblað um forgangsöröðun samgönguframkvæmda á grunni bókunar stjórnar Fjórðungssambands frá 24. september s.l.. Fól stjórn Fjórðungssambandsins innviðanefnd, að fjalla um efni minnisblaðs og skila tillögu til stjórnar og til svæðisskipulagsnefndar um notkun á efni þess. Nefndin skoði sérstaklega að fresta umfjöllun um forgangsöröðun jarðgangnaframkvæmda en ljúki annarri umfjöllun.

(Ályktun og minnispunktar eru í viðauka fundargerðarinnar.)

Formaður gaf orðið laust um ályktun og minnispunkta innviðanefndar.

Til máls tóku auk formanns, Arnín, Hrafnkell, Sigríður K, Matthías og Ólafur.

Formaður gaf orðið laust um forgangsöröðun samgönguframkvæmda

Til máls tóku auk formanns, Ólafur, Sigríður K, Sigríður B, Finnur og Hrafnkell.

Formaður kannaði hvort einhver nefndarmaður lýsti andstöðu við að nýta ályktun innviðanefndar sem grunn að umfjöllun um samgöngumál í svæðisskipulaginu. Enginn tók til máls og fól formaður skipulagráðgjafa að gera tillögu í ljósi umræðu á fundinum.

3. Drög tillögu að Svæðisskipulagi Vestfjarða

Formaður gaf Hrafnkeli og Herdísi orðið og stýra umfjöllun um efniskafla.

- a. Breytingartillögur, efniskafla og markmiðssetningu
 - i. Samgöngur
til máls tóku Lilja, Finnur, Arnín, Sigríður B og Matthías

Hádegishlé 12.15 til 13.00, Mætt til fundar Margrét Dögg Sigurbjörnsdóttir í fjarfundi.

- ii. Viðerni, mannvirkjabelti
Til máls tóku Lilja, Arnín, Sigríður B, Finnur og Ólafur
 - iii. Náttúruvernd
Til málst tók Lilja.
 - iv. Framfylgd
Enginn tók til máls.
 - v. Skemmtiferðaskip
Til máls tóku Arnín, Lilja, Matthías, Ólafur
 - vi. Tengsl aðalskipulags og svæðisskipulags
Til máls tóku Arnín, Lilja, Matthías og Ólafur
- b. Opin umræða um tillögur að breytingum innan efniskafla
 - i. Ferðapjónusta
Til máls tóku Finnur, Ólafur, Aðalsteinn, Sigríður K og Lilja
 - ii. Fjölmennning
Til mál tóku Ástrós, Sigríður B og Aðalsteinn.
 - iii. Menningarminjar
Til máls tóku Matthías, Finnur og Arnín
 - iv. Þéttbýliskjarnar
Til máls tóku Lilja, Ólafur, Finnur, Sigríður B, Aðalsteinn, Hjörleifur, Jenný og Matthías.

Óskað var eftir umræðu um önnur atriði sem ætti að skerpa á eða draga úr umfjöllun. Formaður gaf orðið laust.

Rætt um umfjöllun um landbúnað, til máls tóku Matthías, Lilja, Finnur og Arnín.

Formaður fór yfir umræðuna á fundinum og óskaði eftir afstöðu nefndarinnar til eftirfarandi mála;

- Færa kafla um atvinnulíf framar í uppröðun efnisatriða auglýsingartillögu.
Tillagan samþykkt

- Óska eftir tillögu Sóknarhóps um umfjöllun að atvinnustefnu.
Tillagan samþykkt
- Óska eftir að Ungmennaráð Vestfjarða komi að því að semja inngangsávarp auglýsingartillögu.
Tillagan samþykkt

4. Dagskrá vinnu að auglýsingartillögu

Formaður gaf Hrafnkeli orðið. Hann kynnti upplegg vinnu fram að næsta fundi þann 3. nóvember

- Stefnt að texti auglýsingartillögu verði afgreiddur af nefndinni til umfjöllunar í sveitarstjórnnum og kynna fyrir Skipulagsstofnun
- Kynnt verði uppkast að útliti, myndavali og umbroti.

Hrafnkell sagði þann fyrirvara á tillögu að dagskrá, að ef umfang vinnu að endanlegri tillögu væri meira en ætlað er, þá hefði nefndin til vara að seinka endanlegri afgreiðslu til fundar sem haldinn yrði 17. nóvember n.k..

Formaður tók til máls, þakkaði nefndarmönnum og starfmönnum fyrir góðan fund og umræðu.

Hún sleit svo fundi kl 15.45.

Viðauki, Ályktun og minnispointar af fundi innviðanefndar Fjórðungssambands Vestfirðinga 2. október 2025.

Rætt var um hvernig best væri að fjalla um nauðsynlegar samgöngubætur á Vestfjörðum í svæðisskipulagi. Mikilvægt er að svæðisskipulag nái að verða sameiginlegt verkfæri allra sveitarfélaganna á Vestfjörðum og stækka þannig rödd þeirra í samskiptum við ríkið um að flýta nauðsynlegum innviðaframkvæmdum og vinna upp þá innviðaskuld sem hefur verið á Vestfjörðum um áratugaskeið.

Í umræðum komu fram eftirfarandi atriði sem fulltrúar innviðanefndar eru sammála um:

- Að forgangsröðun einstakra framkvæmda verði ekki sett fram í svæðisskipulagi. Nefndin telur að slíkt myndi ekki hljóta samstöðu sveitarstjórna á Vestfjörðum og því sé skynsamlegra að leggja áherslu á stefnumið og forsendur í stað forgangsröðunar. Vísa má til fyrirmyndar í svæðisskipulagi Höfuðborgarsvæðis sem setur fram stefnu um skilvirkar samgöngur án þess að auka álag á stofnvegi.
- Undirbúningsrannsóknir jarðgangaverkefna. Nauðsynlegt er að hraða undirbúningsrannsóknnum þannig að hægt sé að byggja upp samanburðarhæfan grunn fyrir framtíðarforsendur forgangsröðunar. Dæmi hér um væri mismunandi tillögur um staðsetningu jarðgangna milli Tálknafjarðar og Patreksfjarðar (göng undir Mikladal) í úttekt Vegagerðar og í aðalskipulagi Vesturbyggðar 2018-2035 og Tálknafjarðarhrepps 2019-2039.
- Hringvegur 2 verði skilgreindur í þjóðvegakerfinu og að því verkefni lyft upp í svæðisskipulagi. Innviðaráðherra skipaði nú í ágúst s.l. starfshóp sem er skoða málið og til grundvallar eru lagðir stofnvegir nr. 60, 61, 62, 63 og 68 sem eru einnig hluti af Vestfjarðarleiðinni. Leggja þarf áherslu á að skilgreining á Hringvegur 2 þýði aukið þjónustustig vegarins og aukin forgang í viðhald og endurbætur, einkum tengingar innan vinnusóknarsvæða.
- Strandavegur 643, er fyrir utan Hringveg 2 og þarfnast almennra endubóta en stærstu einstöku verkefnin eru nýframkvæmdir um Veiðileysuháls og yfir Naustvíkurskörð. Mikilvægt að þessi leið verði sett í forgang vegna samfélagslegra og efnahagslegra þátta í Árneshreppi en ekki síður vegna vegna mikilvægi Strandavegar í tengslu við framkvæmdir við Hvalárvirkjun, en virkjunin og flutningskerfi hennar er lykilþáttur í framtíðar raforkuöryggi á Vestfjörðum.
- Flateyrarvegur 64. Finna verði varanlegar lausnir til að auka öryggi vegarins vegna snjóflóðhættu. Innviðanefnd hafnar hinsvegar tilfærslu vegarins samkvæmt tillögu í óafgreiddri Samgönguáætlun 2024-2038, Flateyrarvegur- Breiðadalur – Selaból 8 (um Holtsodda)
- Hvetja skal til skoðunar á nýjum fjármögnunarleiðum, sérstaklega fyrir stofnleiðir sem þjóna fjórðungnum öllum sem tenging við aðra landshluta en liggja utan þéttbýlla vinnusóknarsvæða.

- Hlutverk Breiðafjarðarferjunnar Baldurs kanna að breytast með bættum vegsamgöngum en mikilvægt er að hlutverk ferjunnar verði tryggt til framtíðar sem hluti af flutningskerfi Vestfjarða og uppbyggingu ferðapjónustu.

Með hliðsjón af umræðu samþykkti nefndin eftirfarandi ályktun til stjórnar Fjórðungssambands og svæðisskipulagsnefndar.

Ályktun

Innviðanefnd leggur til að stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga og svæðisskipulagsnefnd taki mið af ályktunum nefndarinnar við áframhaldandi vinnu við svæðisskipulag Vestfjarða og mótun sameiginlegrar samgöngustefnu fjórðungsins.

Nefndin telur að svæðisskipulagið eigi fyrst og fremst að skilgreina sameiginlegar forsendur og stefnumið fyrir þróun samgönguinnviða, en ekki forgangsraða einstökum framkvæmdum.

Mikilvægt er að sú stefna verði nýtt sem verkfæri sveitarfélaganna gagnvart ríkisvaldinu til að tryggja aðkallandi innviðauppbýggingu.

Sérstaklega leggur nefndin áherslu á:

- 1. Að unnið verði að því að Hringvegur 2 verði skilgreindur í þjóðvegakerfinu og að það komi fram í svæðisskipulagi Vestfjarða sem lykilþáttur í eflingu samgönguinnviða og byggðatengsla í fjórðungnum.*
- 2. Að unnið verði með Vegagerðinni og innviðaráðuneytinu að því að hraða undirbúningsrannsóknnum jarðgangaverkefna þannig að samanburðarhæfar upplýsingar liggi fyrir til framtíðarforsendna forgangsroðunar.*
- 3. Að fjármögnunarmodel með eða án aðkomu einkaðila, verði tekin til skoðunar fyrir einstakar leiðir sem þjóna fjórðungnum öllum.*
- 4. Að fram fari regluleg eftirfylgni í innviðanefnd með stöðu helstu verkefna, m.a. jarðgangaframkvæmda, viðhalds og endurbóta á stofnvegum á Hringvegi 2 og á Strandavegi.*
- 5. Að fram fari regluleg eftirfylgni í innviðanefnd um viðhald, þjónustu og öryggi vegfarenda á stofn og tengivegum á Vestfjörðum utan Hringvegar 2 sem tengja byggðakjarna og stærstu áfangastaði ferðamanna.*